

Icelandic A: literature – Higher level – Paper 1
Islandais A : littérature – Niveau supérieur – Épreuve 1
Islandés A: literatura – Nivel superior – Prueba 1

Wednesday 10 May 2017 (afternoon)
Mercredi 10 mai 2017 (après-midi)
Miércoles 10 de mayo de 2017 (tarde)

2 hours / 2 heures / 2 horas

Instructions to candidates

- Do not open this examination paper until instructed to do so.
- Write a literary commentary on one passage only.
- The maximum mark for this examination paper is **[20 marks]**.

Instructions destinées aux candidats

- N'ouvrez pas cette épreuve avant d'y être autorisé(e).
- Rédigez un commentaire littéraire sur un seul des passages.
- Le nombre maximum de points pour cette épreuve d'examen est de **[20 points]**.

Instrucciones para los alumnos

- No abra esta prueba hasta que se lo autoricen.
- Escriba un comentario literario sobre un solo pasaje.
- La puntuación máxima para esta prueba de examen es **[20 puntos]**.

Skrifaðu bókmenntagreiningu um **annan** af eftirfarandi textum:

1.

ÞAÐ ÞARF
AÐ SKIPTA UM
PERU

5 Á SKYGGNINU yfir útidyrahurðinni þannig að ég sé ekki strax hver stendur á tröppunum í myrkrinu, hvort það er maðurinn minn sem hefur haft þrjátíu klukkustundir til að hugsa sig um í einrúmi og er kominn til baka fullur af eftirsjá og þrá. Svo reynist ekki vera heldur ungi nágranni okkar í næsta húsi sem heldur á hálfstálpaðri læðunni í fanginu og biðst afsökunar á því hvað hann er seint á ferðinni.

10 Hann stendur í dyragættinni og klórar dýrinu í kringum eyrun, strýkur hausinn á því og niður eftir feldinum og segist hafa svipast um eftir læðunni í hverfinu og fundið hana loks undir kjallaratröppum þar sem hún hafði leitað skjóls, í vari fyrir flugeldum. Húskötturinn malar og lygnir aftur augunum, það rifar í gular glyrnurnar.

15 – Ég gaf henni mjólk að drekka, að öðru leyti virðist hún vel haldin, segir bjargvætturinn. Það gæti þó hafa saxast á lífin hennar níu, ætli hún eigi ekki sirka sjö eftir. Hann brosir og horfir í augun á mér á meðan hann strýkur dýrinu þéttingsfast nokkrar strokur, rótar upp feldinum í kringum hálsinn og sléttar síðan yfir aftur, alla leið niður kafloðna rófu.

Ég rétti fram hendurnar og geri mig líklega til að taka við heimilisdýrinu en nágranni minn sýnir engin merki þess að hann ætli að láta það af hendi. Kötturinn lúrir áfram í fanginu á honum og hann heldur áfram að róta í feldinum.

20 – Ég held að hún sé að jafna sig eftir taugaáfallið.

Ég heyri þrusk uppi og börnin birtast á stigapallinum á náttfötunum. Þau hafa vaknað við hringinguna og hraða sér niður tröppurnar og leiðast því nú liggur mikið við; þau eru komin fram til að fagna gæludýrinu.

25 Nágranni minn handan rifsberjarunnans lætur dýrið loks af hendi og þau beygja sig niður til að klappa læðunni, hún smýgur undan þeim og þau elta hana inn í eldhús í skotið þar sem dallurinn er.

30 Enda þótt ég þurfi strangt til tekið að koma börnunum aftur í rúmið, býð ég honum inn og hann er samstundis kominn inn á mitt stofugólf. Ég tek eftir því að hann svipast hratt um í kringum sig eins og hann sé að greypa aðstæður í minni sér, nemur í skyndi fjarlægðir og form eins og sá sem fær loksins tækifæri til að berja með eigin augum það sem hann hefur fram að þessu einungis mátt ímynda sér, eins og hann hafi lengi velt því fyrir sér hvernig væri innanstokks hjá okkur og nú ríður á að vera fljótur að staðsetja hvern krók og kima.

35 Bjargvætturinn segir mér að hann hafi reyndar meiri áhuga á fuglum en köttum og stefni á framhaldsnám í fuglafræði. Lokaritgerðin hafi fjallað um viðkomu gæsa – eiginlega tilhugalíf þeirra, segir hann og brosir og ég tek eftir því að hann er með spékopp í annarri kinninni. Hann rifjar upp þegar hann var sjö ára og bjargaði höltum máfi.

– Hann gat ekki flogið af því að hann sá ekki hafið. Ég setti hann í pappakassa og hjólaði með hann á bögglaberanum niður að sjó.

Ég halla mér upp að svaladyrunum og kinka kolli til hans og brosi.

40 Þá man ég eftir að hafa ekki séð hrafninn aftur síðan á gamlárskvöld og spyr fuglafræðinginn hvort hann hafi nokkuð rekist á hrafnarið. Það hafi boðið okkur velkomin þegar við fluttum inn og heimsæki okkur reglulega og ég gefi þeim stundum lifrarpylsu.

– Venjulega eru þeir tveir saman en í þetta sinn var hann einn.

45 Þá er ég skyndilega ekki lengur viss hvort fuglinn var einn eða hvort þeir voru tveir að vasast yfir sviði ófyrirsjáanlegra atburða á síðasta kvöldi ársins. Og gaf ég fuglinum að borða síðustu máltíð ársins eða ekki, gleymdi ég kannski fuglinum af því að hjartslátturinn fyllti stofuna?

– Hann skildi eftir stélfjöður, segi ég.

50 Fuglastrákurinn segist ekki hafa orðið var við hrafnaparið. Reyndar séu hrafnar ólíkindatöl og eigi það til að hverfa í nokkra daga og dúkka síðan upp aftur.

– Ég hafði á tilfinningunni, segi ég, að annar vængurinn væri undarlega snúinn og vísaði aftur, eins og fuglinn væri særður og að hann ætti erfitt með að lyfta sér af svalahandriðinu.

Fuglaáhugamaðurinn segist ekki vita hvað hafi orðið um hinn fuglinn en skuli svipast um eftir honum.

55 – Vandamálið er að ef hrafnar verða of nákomnir fólki, halda þeir að þeir séu menn og líta ekki við öðrum hröfnum.

Auður Ava Ólafsdóttir, *Undantekningin* (2012)

2.

Austurvöllur á kistulagningardaginn

- Föstudagur, sumardagur, sólin skín.
Allir fara úr sokkunum og peysunum og buxunum. Fallegar stelpur breiða úr teppum á grasinu.
Fallegar stelpur eiga góðan dag, sumardag. Þegar hann er að
- 5 kvöldi kominn fara þær út og dansa til morguns og fara heim með strák eða stelpu og vakna þunnar en hamingjusamar á nýjum degi, sumardegi.
Það er svimandi ilmur af nýslegnu grasi.
Það eru spriklandi blóm í beðunum.
- 10 Höfrungar stökkva á flóanum.
Sólin skín.
Ekkert vantar.
Börn brosa tannlaus í kerrum.
Börn brosa tannlaus í sólina og borða ís sem bráðnar yfir bústnu
- 15 hendurnar þeirra. Hnúarnir eru spékoppar í holdinu.
- Það er svo hlýtt. Það er engin leið að klæðast svörtu. Það er engin leið að vera inni í rökkrunu.
Skrifstofumennirnir skella í lás.
Hafið er blátt.
- 20 Sólin skín.
Ekkert vantar.
Fólk er komið með ólgandi hreyfingar í mjaðmirnar, fólk langar að sofa hjá við opnar svaladyr.
Fólk kaupir laxastykki, fólk kaupir lambalundir, fólk ætlar að
- 25 grilla í kvöld, brosandi og tjúnað og fá sér í glas.
Fólk drekkur bjór og límonaði á kaffihúsunum.
Fallegu stelpurnar hlæja og fallast í faðma.
Rónarnir velta sér fótbrotnir í grasinu.
Gleðin er núna.
- 30 Sólin skín og
ekki vantar.

Kristín Svava Tómasdóttir, *Stormviðvörðun* (2015)